

Beiðni um endurgreiðslu 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum

Viðtakandi:
Ríkisskattstjóri
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Uppgjörstímabil

Mánuður

Ár

A Rekstraraðili

Nafn rekstraraðila	Kennitala	Lögheimilissveitarfélag
Heimili	Póstnúmer og pósthöð	

B Almenningsvagnaakstur

a) Olíunotkun í líturum
b) Endurgreiðsla (a liður x 46,12 kr. pr. l. x 0,80)

C Blandaður akstur - greinargerð

1. Fast númer ökutækis	2. Heildarakstur í km á tímabilinu	3. Fjöldi ferða á áætlunarleið	4. Lengd áætlunarleiðar í km	5. Olíunotkun alls í líturum	6. Olíunotkun í almenningsvagnsakstri í líturum $\left(\frac{3 \times 4}{2}\right) \times 5$.	7. Endurgreiðsla (6.x46,12 kr. pr. l. x 0,80)
Samtals						

D Athugasemdir

Undirskrift

.....
Dagsetning	Undirskrift

Leiðbeiningar um útfyllingu

Endurgreiðslubeiðni þessi skv. reglugerð nr. 395/2005 tekur til þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu olíugjalds ber að kaupa ólitaða gjaldskylda dísilolíu og skulu þeim endurgreidd 80% olíugjalds af dísilolíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.

Tímabil endurgreiðslu

Hér skal tilgreina mánuð og ár sem endurgreiðslubeiðni varðar.

A-liður Rekstraraðili (umsækjandi)

Hér skulu skráðar tiltekna upplýsingar um umsækjanda.

B-liður Almenningsvagnaakstur

Útfylla ber lið B ef umsækjandi er eingöngu í almenningsvagnaakstri. Hér þarf að skrá lítra af notaðri gjaldskyldri dísilolíu allra almenningsvagna í eigu og/eða umráðum umsækjanda á því tímabili sem endurgreiðslubeiðni varðar. Þá skal einnig skrá endurgreiðsluna.

C-liður Blandaður akstur - greinargerð

Útfylla ber lið C ef umsækjandi stundar blandaðan akstur, þ.e. stundar almenningsvagnaakstur en notar jafnframt sama ökutækið í öðrum akstri. Nauðsynlegt er aðfylla út alla reitina.

D-liður Athugasemdir

Hér er gefinn kostur á að skrá athugasemdir

Endurgreiðslutímabil og afgreiðsla beiðna

Hvert endurgreiðslutímabil er einn mánuður og skulu þeir sem rétt eiga á endurgreiðslu eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils senda ríkisskattstjóra greinargerð um kaup á olíu á því endurgreiðslutímabili.

Ríkisskattstjóri afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu fyrir fimmtánda dag annars mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils hafi beiðni verið skilað á tilskildum tíma. Frestur þessi framlengist þó ef ríkisskattstjóri getur ekki vegna aðstæðna umsækjanda gert nauðsynlegar athuganir á gögnum sem beiðnin byggist á. Innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu, annast endurgreiðslu. Komi í ljós að endurgreiðsla hafi verið of há tilkynnir ríkisskattstjóri aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um.

Færslur í bókhald og ársreikning

Þeir sem rétt eiga á 80% endurgreiðslu olíugjalds skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar. Vanræki þeir að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi. Þeir sem fá endurgreiðslu 80% olíugjalds af dísilolíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum skulu færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

Viðurlög

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá endurgreiðslu á olíugjaldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/2005, um endurgreiðslu 80% olíugjalds af olíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum, varðar við 20. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.